

Mál nr. 50/2014**M og
V vegna ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar R.****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið og húseign 26. janúar 2013.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 17. febrúar 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. mars 2014.

Málsatvik.

Þann 26. janúar 2013 brotnaði tré í eigu R og féll það á húseign og bifreið M, en M býr í næsta húsi við R. Umrætt tré er inni á lóð R og staðsett við lóðamörk R og M, af myndum af vettvangi að dæma. Ekki liggur fyrir sérstök skýrsla vegna atvika málsins en þeim er lýst í gögnum frá M og V. R er vátryggður með ábyrgðartryggingu hjá V og gerð er bein krafa um viðurkenningu bótaskyldu úr þeirri vátryggingu.

M telur að R beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á húseign og bifreið sinni þar sem R hafi ekki sinnt skyldum sínum sem húseigandi nægilega vel. Nánar tiltekið hafi R ekki gert ráðstafanir vegna trésins, sem áður hafði verið sagað til hálfis og drepíð. Það hafi aukið verulega hættu á því að tréð myndi falla t.d. vegna vindhviðu, eins og gerðist í umrætt sinn. M vísar til þess að það hafi verið gáleysi af hálfu R að saga í umrætt tré og skilja það síðan eftir þannig án frekari ráðstafana. Ekki skipti máli hver sagað hafi í tréð, R hefði átt að gera frekari ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjónshættu. M telur það vera stórkostlegt gáleysi af hálfu R að hafa ekki búið fasteign sína þannig að hún þoli íslenska veðráttu og ástand trésins hafi blasað við, sem og viðurkenni R að hafa veitt því athygli að tréð laufgaðist ekki sumarið áður.

V vísar til þess að R hafi ekki sjálfur sagað í umrætt tré og hafi verið ókunnugt um ástand þess þegar tjónið varð. R hafi ekki keypt húsnæðið fyrr en í nóvember 2011 og hafi verið alls ókunnugt um háttsemi fyrri eigenda hvað umrætt tré varðaði. Það að R hafi veitt því athygli að tréð laufgaðist ekki sumarið 2012, þýði ekki að hann hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi þess og mögulegri tjónshættu.

Álit.

Eins og áður segir er ekki ágreiningur í málinu um þau málsatvik að tré í eigu R féll og olli tjóni á eigum M. Ágreiningur er hins vegar um vitneskju R um ástand trésins og hvort R hafi borið að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir mögulega tjónshættu vegna þess. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að R hafi vitað að sagað hafi verið í tréð þannig að hætta hafi verið á að það félli. Í gögnum málsins er ekki að finna sönnun þess efnis. Gegn upplýsingum V um að R hafi ekki vitað af ástandi trésins, verður ekki talið sannað að R hafi vitað um ástand þess eða borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess. Verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar R hjá V.

Reykjavík 1. apríl 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.